

Fundargerð stjórnar

63. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn miðvikudaginn 6. júlí, 2005 í fundarherbergi Heilbrigðisráðuneytisins Vegmúla 3 Reykjavík.

Mættir: Dagný Brynjólfsdóttir, deildarstjóri Heilbrigðisráðuneytisins, Einar Njálsson, formaður BÁ, Gunnar Þorgeirsson og Snæbjörn Sigurðsson og Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri sem ritaði fundargerð
Formaður BÁ hóf fundinn kl. 10.00
Efni fundarins var eftirfarandi:

1. Hugsanleg yfirtaka Brunavarna Árnassýslu á sjúkraflutningum í Árnassýslu.

Einar fór yfir málið í stórum dráttum og lýsti vinnu þeirri sem fram hafði farið varðandi útreikninga á verkefninu. Hann spurði um tímalengd samnings og fl.

Dagný taldi að tímalengd væri samningsatriði, fimm ár hefði verið umræðupunktur en vel mætti lengja tímann í átta ár ef um semdist.

Hún sagði að samningurinn yrði vísitölubundinn við neyslúvísitölu.

Fram kom að nú stefndi í það að útköll vegna sjúkraflutninga í Árnassýslu yrðu 800 talsins árið 2005 án millistofnanaflutninga.

Lagt var fram blað þar sem fram kom niðurstaða útreiknings varðandi hugsanlega yfirtöku BÁ á verkefninu. Kr. 60 milljónir, án húsnæðis. Húsnæðismál vildu fulltrúar BÁ ræða við ráðuneytið samhliða uppbyggingu nýrrar slökkvistöðvar.

Miðað var við eina mannaða áhöfn sjúkrabíls allan sólahringinn, þrískiptar vaktir. Inn í þessa útreikninga var einnig búið að gera ráð fyrir kostnaðaraukningu BÁ vegna þess að slökkviliðið myndi breytast úr hlutastarfandi liði í heilsárslið. Þann kostnað ætlaði stjórn BÁ að leggja fyrir fulltrúa aðildarsveitarfélaga ef umræður þróuðust í þá átt í dag.

Dagný setti fyrst fram tölu að upphæð 50 milljónir en hækkaði hana síðan í 52 milljónir þegar umræðan snérist um húsnæðismál.

52 milljónir króna með húsnæði + þjálfunarkostnað þegar unnið yrði að því að koma verkefninu á var hennar síðasta boð.

Hún taldi að ekki yrði farið hærra og erfitt yrði að vinna því fylgi innan stjórnkerfisins.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 11.35

Einar Njálsson Gunnar Þorgeirsson
Snæbjörn Sigurðsson Kristján Einarsson